

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun stefnu í þjónustu velferðarsviðs við heimilislausa og/eða fólk sem skilgreint hefur verið sem utangarðs

Ábyrgð: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að móta heildstæða stefnu um þá þjónustu sem velferðarsvið veitir þeim hópi sem hefur verið skilgreindur utangarðs í samfélaginu. Um er að ræða fjölbreyttan hóp fólks en flestir eiga við vímuefna og/eða geðrænan vanda að stríða. Stefnunni er ætlað að vera leiðarljós í faglegu starfi og felur í sér sameiginlegar skilgreiningar á hugtökum, greiningu á stöðu hópsins í dag og þróun, öflun upplýsinga um þjónustu við þennan hóp á norðurlöndum og víðar, forgangsörðun á verkefnum og áfangaskipta aðgerðaáætlun.

Stefna í málefnum utangarðsfólks 2014-2018 rennur út í lok árs og því hefur ný stefna í málaflokknum verið í burðarliðnum um nokkurt skeið.

Samkvæmt kortlagningu velferðarsviðs á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík árið 2017 hefur utangarðsfólki fjölgað um 95% frá árinu 2012. Hér er því um að ræða aukinn vanda, sem brýnt er að greina og finna viðeigandi úrræði fyrir þá einstaklinga sem um ræðir.

Verkefni:

1. Skilgreina hugtök og sameinast um notkun þeirra
2. Greina stöðu utangarðsfólks í Reykjavík og þróun á undanförunum árum
3. Skilgreina þá þjónustu sem sveitarfélögum ber að sinna skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga annars vegar og þá þjónustu sem heilbrigðisyfirvöldum ber að veita
4. Móta stefnu og aðgerðaáætlun í málaflokknum fram til ársins 2025. Stefnan byggir m.a. á:
 - Tillögum samþykktum í borgarráði 31. júlí 2018
 - Greiningu og kostnaðarmati á fyrirliggjandi þjónustu í Reykjavík
 - Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga
 - Rannsóknnum og samanburði á upplýsingum um þjónustu við þennan hóp á norðurlöndum og víðar
5. Móta áfangaskipta aðgerðaráætlun. Í forgangi er mótun tillagna sem hafa að markmiði að stytta biðlista eftir sértækum úrræðum fyrir umræddan hóp og skal þeirri vinnu lokið fyrir 1. september 2018. Stefnumótun til lengri tíma skal lokið 31. desember 2018.

Stýrihópin skipa:

Heiða Björg Hilmdóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar, formaður
Alexandra Briem, fulltrúi Pírata
Elín Oddný Sigurðardóttir, fulltrúi Vinstri grænna
Egill Þór Jónsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins
Kolbrún Baldursdóttir, fulltrúi Flokks fólksins

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri, skrifstofa velferðarsviðs
Þór Gíslason, forstöðumaður Gistiskýlisins
Fanney Magnadóttir, lögfræðingur, skrifstofa velferðarsviðs, starfsmaður

Vinnutilhögun:

Formaður leiðir hópinn og ákveður nánari tilhögun. Starfsmaður hópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundagerða og önnur praktísk atriði. Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á velferðarsviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við stefnumótunina, s.s. starfsmönnum í deild gæða og rannsókna og í fjármáladeild. Samráð skal haft við notendur og aðra hagsmunaaðila, umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofu eigna og atvinnu, Félagsbústaði, velferðarráðuneyti, íbúðalánasjóð og aðra þá aðila sem koma að húsnæðismálum og þjónustu við viðkomandi einstaklinga.

starfi sínu skal hópurinn hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi og taka mið af niðurstöðum samráðsfundar með helstu hagsmunaaðilum sem haldinn var þann 10. ágúst 2018. Einnig þær stefnur sem Reykjavíkurborg hefur þegar samþykkt, s.s. mannréttindastefnu, þjónustustefnu og upplýsingastefnu og jafnframt hafa hliðsjón af frumkvæðisathugun umboðsmanns Alþingis frá 6. júlí sl. (mál nr. 9164/2016). Drög að stefnunni verði send til helstu hagsmunaaðila áður en til endanlegrar samþykktar kemur.

Starfstími:

Stýrihópurinn starfar á tímabilinu 10. ágúst – 31. desember 2018.

Reykjavík, 10. ágúst 2018

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri